

# Frumvarp til laga

um

breyting á lögum 15. okt 1875, um laun íslenskra embættismanna.

(Lagt fyrir alþingi 1913).

1. gr.

Biskup hefir í árslaun 5000 kr. að byrjunarlaunum, en launin hækka um 300 kr. á hverjum þriggja ára fresti upp í 6500 kr.

2. gr.

Landritari hefir í árslaun 5000 kr. að byrjunarlaunum, en launin hækka um 300 kr. á hverjum þriggja ára fresti upp í 6500 kr.

Skrifstofustjórar í stjórnarráðinu hafa 3600 kr. árslaun að byrjunarlaunum, en launin hækka um 200 kr. á hverjum þriggja ári fresti upp í 4800 kr.

3. gr.

Forstjóri landsyfirjettarins hefir 5000 kr. árslaun að byrjunarlaunum, en launin hækka um 300 kr. á hverjum þriggja ára fresti upp í 6500 kr.

Aðrir dómendur í landsyfirjettinum hafa 4000 kr. að byrjunarlaunum, en launin hækka á hverjum þriggja ára fresti um 200 kr. upp í 5000 kr.

4. gr.

Póstmeistarinn, landssimastjórinn og verkfræðingur landssins hafa 4000 kr. að byrjunarlaunum, en launin hækka um 200 kr. á hverjum þriggja ára fresti upp í 5000 kr.

5. gr.

Forstöðumaður mentaskólans hefir 3200 kr. árslaun að byrjunarlaunum, en launin hækka um 200 kr. á hverjum þriggja ára fresti upp í 4200 kr. Auk þess hefir hann leigulausan bústað í skólahúsinu eða 600 kr. í uppbót fyrir embættisbústað.

Yfirkennari mentaskólans hefir 3600 kr. árslaun að byrjunarlaunum, en launin hækka um 200 kr. á hverjum þriggja ára fresti upp í 4200 kr.

Aðjunktur við mentaskólann hafa 2400 kr. árslaun að byrjunarlaunum, en launin hækka um 200 kr. á hverjum þriggja ára fresti upp í 3600 kr.

Tímakennarar við hinn almenna mentaskóla, sem kenna að minsta kosti 24 stundir á viku, skulu nefndir aukakennarar, og hafa 2000 kr. að árslaunum.

6. gr.

Þeir embættismenn, sem nú eru í embættum, mega telja með til launahækkunar samkvæmt lögum þessum þau ár, sem þeir hafa verið í núverandi em-

bætti. Þeir embættismenn, sem samkvæmt gildandi lögum hafa hærri laun en hjer eru ákveðin, skulu einskis í missa.

7. gr.

Lög nr. 23, 9. desember 1889, um breyting á lögum 15. okt. 1875 um laun íslenskra embættismanna, svo og önnur ákvæði, er koma í bága við lög þessi, eru felld úr gildi.

8 gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. januar 1914.

---

#### Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Dómendurnir í landsyfrrjettinum hafa með brjefi, dags. 3. febr. 1913, leitt athygli stjórnarráðsins að því, að launakjör þau, sem dómendurnir í yfirdóminum eiga við að búa, sjeu allmjög á eftir tímanum, og eigi viðunanleg eins og nú háttar. Í annan stað hafa kennararnir við hinn almenna mentaskóla í brjefi, dags. 12. desbr. 1912, farið þess á leit að laun þeirra verði bætt. Taka þeir það fram, að launakjör þeirra sjeu nú orðin alls kostar ólífvænleg, og neyðist þeir því til að beiðast launahækkunar, og óska þeir jafnframt að launum þeirra verði þannig komið fyrir, að þau fari hækkandi með hækkandi embættisaldri, en nú hagar svo til, að það er undir hendingu komið, hvenær kennari með 2000 kr. byrjunarlaunum fær 2400 kr., eða hvenær kennari með 2400 kr. árslaunum fær 2800 kr. Þannig hefir það komið fyrir að kennari hefir ekki setið nema árlangt við lægstu launakjör, en aftur hafa aðrir átt við þau að búa allt að 10 árum.

Með því að þessar kvartanir hafa að áliti stjórnarráðsins við mikil rök að styðjast, hefir stjórnarráðið ekki sjeð annað fært en að taka launakjör þessara embættismanna til athugunar.

Það hefði ef til vill þótt rjettara, að taka launakjör allra embættismanna og starfsmanna landsins til gagngerðrar endurskoðunar í heild sinni, og verður stjórnin að vísu að viðurkenna að innan fárra ára reki að því, að athuga þurfi laun annara embættis- og starfsmanna, en til þess vantar að svo stöddu nægan undirbúning, og hvað laun sýslumanna og bæjarfógeta sjerstaklega snertir, sem að nokkru leyti byggjast á innheimtulaunum af tollgjöldum, virðist jafnvel nauðsynlegt að skattamálum landsins verði komið í fastara horf áður en laun þeirra eru endurskoðuð.

Að þessu sinni hefir stjórnarráðið því sjerstaklega tekið til athugunar launakjör embættismanna hjer í Reykjavík. Þau eru nú aðallega ákveðin í lögum nr. 23, 9. desbr. 1889, um breytingu á lögum 15 okt. 1875 um laun íslenskra embættismanna. Samkvæmt þeim lögum hefir biskup að árslaunum 5000 kr., forstjóri yfirrjettarins 4800 kr. og aðrir dómendur 3500 kr., forstöðumaður hins almenna mentaskóla 3600 kr. auk leigulauss bústaðar í skólahúsinu eða 400 kr. í húsaleigustyrk, yfirkennari 3200 kr., 1. og 2. kennari 2800 kr. 3. og 4. kennari 2400 kr. og 5. kennari 2000 kr.

Svo sem tekið hefir verið fram í athugasemdum við frumvarp til laga um laun háskólakennara, er lagt var fyrir alþingi 1909 (Alptíð. A. 186—192), eru laun embættismanna orðin of lág, sjerstaklega laun kaupstaðarembættismanna. Er þar sýnt fram á að allar lífsnauðsynjar hjer í bænum hafi hækkað mjög í verði hin síðari árin; telst Sighvati bankastjóra Bjarnasyni, er það mál hefir rannsakað, svo til, að árið 1908 hafi verið 50% dýrara að lifa hjer en 1875, en 35—40% dýrara en 1889, en hin 4 síðustu árin er það alkunnugt, að húsaleiga og allar aðrar lífsnauðsynjar hafa hækkað enn mikið. Það er því ljóst að laun þau, er þóttu hæfileg 1889, eru nú alveg ólífvænleg. Þetta hefir og alþingi 1909 viðurkennt, þarsem laun prófessoranna við háskólann voru ákveðin 3000 kr. hækkandi upp í 4800 kr.

Eins og í lögnum um laun háskólakennaranna er þeirri reglu fylgt í lagafrumvarpi þessu að láta launin fara hækkandi með hækkandi embættisaldri. Þessu nýmæli, sem er í sjálfu sjer sanngjarnt og nú tíðkast í löggjöf allra norðurlandabjóða, hefir verið vel tekið á alþingi.

Um einstakar greinar frumvarpsins skal tekið fram:

Við 1. gr. Laun biskups eru nú ákveðin 5000 kr. Lagt er til að þessi launaupphæð haldist óbreytt sem byrjunarlaun, en hækki síðan um 300 kr. á hverjum þriggja ára fresti upp í 6500 kr.

Við 2. gr. Í lög þessi hefir þótt eðlilegt að taka laun landritara og skrifstofustjóra í stjórnarráðinu.

Laun landritara eru nú 6000 kr.; er lagt til að byrjunarlaun þess embættis verði eftirleiðis 5000 kr., þen hækki síðan um 300 kr. á hverjum 3ja ára fresti upp í 6500 kr. á sama hátt og laun biskups.

Skrifstofustjórarnir í stjórnarráðinu hafa nú 3500 kr. árslaun; er lagt til að laun þeirra verði 3600 kr. að byrjunarlaunum, en launin hækki um 200 kr. á hverjum þriggja ára fresti upp í 4800 kr. Þarsem nauðsynlegt er að embætti þessi sjeu skipuð velfærum mönnum er auðsætt að þau mega ekki vera lakar launuð en bæjarfógetaembætti og hin betri sýslumaannsembætti, auk þess sem öll sanngirni mælir með því að þau sjeu launuð á líkan hátt og prófessoraembættin við lagadeildina. Að byrjunarlaunin eru selt nokkuð hærri en prófessoralaunin, kemur til af því, að til prófessora verða að öllum jafnaði skipaðir ungir menn, er hæfileika og áhuga hafa í visindalega átt, en til skrifstofustjóra verða aðallega teknir menn, sem um lengri tíma hafa starfað í umboðsstjórninni, og því hæpið, að menn fengjust í þær stöður t. d. úr sýslumannaembættum fyrir lægri byrjunarlaun.

Við 3. gr. Samkvæmt gildandi lögum hefir forstjóri yfirdómsins 4800 kr. árslaun, og hinir yfirdómendurnir 3500 kr. Þessi embætti eru svo mikilsvarðandi fyrir landið, að nauðsynlegt er að þau sjeu svo launuð að þangað fáist hinir reyndustu og hæfustu lögfræðingar landsins, og í engum embættum er eins áriðandi að embættismennirnir sjeu svo launaðir, að þeir gefi sig eingöngu við embættisstörfum sínum, en sjeu ekki neyddir til að leita sjer annarar atvinnu. Nú er svo komið, að öll bæjarfógetaembætti landsins og mörg sýslumannsembættin og prófessoraembættin við lagadeildina eru svo búin að tekjum, að þau eru eftirsóknarverðari en yfirdómaraembættin. Gæti það leitt til þess að hinir efnilegustu lögfræðingar vorir sæki í þessi embættin, en gangi fram hjá yfirdóminum, en það væri vissulega ekki æskilegt fyrir þjóðfjelagið, ef þangað fengjust ekki aðrir en þeir, sem ekki ættu vól á öðru en hinum rýrari embættum landsins.

Við 4. gr. Laun póstmeistara eru í lögnum 15. okt. 1875 ákveðin 1700 kr. á ári, en á nágildandi fjárlögum er núverandi póstmeistara veitt 4000 kr. árs-laun. Laun landssímastjórans eru með lögum nr. 31, 16. nóv. 1907, ákveðin 3500 kr., en í viðbót við þau laun er núverandi landssímastjóra veitt 1500 kr. persónuleg launaviðbót. Bæði þessi embætti eru mjög þýðingarmikil; þeim fylgir báðum mjög mikil peningaábyrgð, og á þeim hvílir eftirlit með fjölda starfsmanna. Það er því mjög undir því komið, að í þessar stöður veljist menn ekki að eins vel undirbúnir og með nægri reynslu, heldur verða þeir einnig að hafa ágæta stjórn-arhæfileika, ef þessi störf eiga að fara vel úr hendi. Það verður því að telja það frágangssök að laun þessara embættismanna sjeu ákveðin lægri en farið er fram á, 4000 kr. byrjunarlaun hækkandi upp í 5000 kr. Fyrir alþingi verður lagt frumvarp til laga um að verkfræðingur landsins verði gerður að föstum embættis-manni með eftirlaunarjetti. Þarsem þetta embætti er samskonar forstjórastarf fyrir megingrein í umboðsstjórninni eins og hin áður nefndu 2 embætti, og eigi þýðingarminni, verður að telja sjálfsagt að það sje launað jafnhátt þeim, enda er launakjörum æðra verkfræðinga nú svo komið, að engin trygging er fyrir að landið geti haldið hæfum manni í þeirri stöðu fyrir minni laun.

Við 5. gr. Forstöðumaður mentaskólans hefir nú 3600 kr., og að auki leigulausan bústað í skólanum eða 400 kr. í húsaleigustyrk. Í lagafrumvarpi þessu er lagt til að hann hafi 3200 kr. að byrjunarlaunum hækkandi upp í 4200 kr., og að auki leigulausan bústað í skólahúsinu eða í þess stað 600 kr. til endurgjalds fyrir embættisbústað. Eins og nú er komið húsaleigu hjer í bænum getur rektorsibúðin í skólanum ekki reiknast lægra en 600 kr., en hinsvegar má gera ráð fyrir að með vaxandi aðsókn að mentaskólanum, og ekki síst ef lærdóms-deildinni væri skift í máladeild og stærðfræðisdeild, geti rekið að því innan skamms að taka þurfi rektorsibúðina eða dyravarðaribúðina undir kenslustofur.

Laun rektors eru í frumvarpi þessu ákveðin á líkan hátt og laun prófes-soranna við háskólann, þannig eiga þau að viðbættum húsaleigustyrk að geta hækkað upp í 4800 kr.

Um laun adjunktanna er sú leið farin, að láta þá alla hafa að byrjunar-launum 2400 kr. árs-laun, er svo hækki um 200 kr. á hverjum þriggja ára fresti upp í 3600 kr. Er þá kennariinn búin að fá hæstu laun eftir 18 ára embættis-þjónustu. Er í hinum almennu athugasemdum hjer að framan gjört grein fyrir, að þetta er miklu eðlilegri og rjettlátari mælikvarði fyrir aldursviðbót en sá er nú er ákveðinn, að láta launahækkunina vera komna að miklu leyti undir til-viljun.

Eins og nú er komið bekkjafjölda í mentaskólanum er orðin mikil nauðsyn á tímakennurum, en þarsem það verður að teljast óheppilegt að verða að sjá á bak vel hæfum tímakennurum, er lagt til að tímakennarar, sem kenna að minsta kosti 24 stundir á viku við skólann, fái 2000 kr. þóknun fyrir starf sitt, og nefnist aukakennarar. Má fullyrða að eftirsóttir kennarar fái ekki að skólanum fyrir minni borgun.

Til glegggra yfirlits fer hjer á eftir skrá yfir laun embættismanna þeirra, er ræðir um í frumvarpi þessu, eins og þau nú eru og eins og þau mundu verða, ef frumvarp þetta nær fram að ganga.

## Skrá

um núverandi laun embættismanna þeirra, er ræðir um í lagafrumvarpi þessu, byrjunarlaun þeirra samkvæmt lagafrumvarpinu, og laun þeirra með aldursviðbót 1. janúar 1914.

Embættin.	Núverandi laun.	Byrjunarlaun samkv. frumv.	Aldursviðbót miðað við 1. jan. 1914.
	Kr.	Kr.	Kr.
Biskup ... ..	5,000	5,000	300
Landritari... ..	6,000	5,000	<sup>1)</sup> 1,000
Skrifstofustjóri í stjórnarráðinu.. ..	3,500	3,600	600
—	3,500	3,600	600
—	3,500	3,600	200
Justitiarius .. ..	4,800	5,000	300
1. meðdómandi í landsyfrrjettinum.. ..	4,000	4,000	1,000
2. — .. ..	3,500	4,000	200
Póstmeistari ... ..	4,000	4,000	1,000
Landssímastjóri.. ..	5,000	4,000	<sup>1)</sup> 1,000
Verkfræðingur landsins .. ..	3,000	4,000	„
Forstöðumaður mentaskólans .. ..	3,600	3,200	<sup>2)</sup> „
Yfirkennari ... ..	3,200	3,600	400
1. kennari... ..	2,800	2,400	1,200
2. — .. ..	2,800	2,400	1,000
3. — .. ..	2,400	2,400	800
4. — .. ..	2,400	2,400	600
5. — .. ..	2,000	2,400	400
	65,000	64,600	10,600

1) Launaviðbót landritara er talin samkvæmt þeim launum, er því embætti eru nú lögð, og laun landssímastjóra með persónulegri launaviðbót við hann samkvæmt gildandi lögum.

2) Laun rektors eru talin án húsaleigustyrks. Aldursviðbót er þar engin talin, með því að gengið er út frá að núverandi rektor hafi fengið lausn frá embætti sínu 1. jan. 1914.

Tafla þessi sýnir að byrjunarlaun embættismannanna samkvæmt lagafrumvarpi þessu eru nokkuð lægri en laun þeirra samkvæmt gildandi lögum; aldursviðbót sú, er þeir samkvæmt frumvarpinu mundu hafa rjett til 1. jan. 1914, og að viðbættri persónulegri launaviðbót við núverandi landritara og landssímastjóra, nemur samtals 10,600 kr. Svarar það rúmlega til 16% launahækkunar. Þessi hækkun nemur, svo sem að framan hefir verið sýnt fram á, ekki meiru en hjer umbil  $\frac{1}{8}$  hluta af því, er allar lífsnauðsynjar hafa hækkað í verði síðan 1889.